

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Erlend verðbréf – Framtíðarauður,
Framtíðarauður er séreignarsparnaður Íslandsbanka,
Íslandsbanki hf, kt. 491008-0160
Sími 440 4000, tölvupóstur sereign@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/is/flokkur/sparnadur/sereignarsparnadur

Framtíðarauður er séreignarsparnaður samkvæmt lögum nr. 129/1977 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslandsbanki er vörsluaðili Framtíðarauðs. Íslandsbanki hf er með starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Afurð þessi er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja hana

Hvers konar afurð er þetta ?

Tegund

Erlend verðbréf er ein af fjárfestingarleiðum Framtíðarauðs, séreignarsparnaðar Íslandsbanka.

Markmið

Markmið fjárfestingarleiðarinnar Erlend verðbréf er að ná góðri áhættudreifingu og skila stöðugri ávöxtun með fjárfestingum á erlendum mörkuðum

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Erlend verðbréf hentar þeim sem eru nýjir á vinnumarkaði og eiga talsvert eða mikið eftir af stafrsævi sinni. Þá hentar þessi leið virkum fjárfestum sem þola miklar sveiflur á séreignarsparnaði sínum og hentar þeim sem vilja einingis fjárfesta í erlenri mynd. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í skuldabréfum og hlutabréfum.

Helstu áhættuþættir

Allar fjárfestingar bera með sér áhættu. Í Erlendum verðbréfum er það gjaldeyris-, skuldara-, vaxta- og markaðsáhætta auk gjaldmiðlaáhættu. Reynt er að draga úr þessum áhættuþáttum með góðri eignadreifingu.

Áhættuvísir

Áhættumælikvarðinn sýnir tengsl milli áhættu og mögulegrar ávöxtunar. Mælingin byggist á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur s.l. 5 ár. Flokkunin sýnir hvar sjóðurinn er staðsettur á skalanum 1-7 þar sem 1 merkir minnstu áhættuna sem ber yfirleitt lægri ávöxtunarmöguleika og 7 merkir mestu áhættuna sem ber yfirleitt hærri ávöxtunarmöguleika. Athugið að flokkur 1 merkir ekki að fjárfesting sé áhættulaus. Flokkunin getur breyst fyrirvaralaust og bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.



Áhættumælikvarðinn sýnir tengsl milli áhættu og mögulegrar ávöxtunar. Mælingin byggist á vikulegum gögnum um verðsveiflur s.l. 5 ár



Árangurssviðsmyndir

Fjárfesting á ári: 100.000

Erlend verðbréf

Ef innleysir eftir (ár):	1	5	10	
Álagssviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	76.210	394.122	774.912
	Meðal ársávöxtun	-23,79%	-7,83%	-4,70%
Óhagstæð sviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	91.652	478.739	938.614
	Meðal ársávöxtun	-8,35%	-2,19%	-1,42%
Hóflæg sviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	107.272	590.703	1.601.072
	Meðal ársávöxtun	7,27%	8,36%	10,10%
Hagstæð sviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	125.373	748.233	2.996.755
	Meðal ársávöxtun	25,37%	20,17%	22,89%

Hver er kostnaðurinn?

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári – Erlend verðbréf

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar
	Útgöngukostnaður	0%	Kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,22%	Kostnaður sem fellur til þegar verðbréf eru keypt eða seld
	Umsjónalaun	0,50%	Kostnaður við rekstur fjárfestingarleiðar
	Umsjónalaun vegna undirliggjandi sjóða	0,43%	Kostnaður við kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina
	Vörslugjöld	0,16%	Kostnaður við að varsla eignir afurðar
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0%	Áhrif árangurstengdra þóknana
	Hlutdeild í hagnaði	0%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði

Ef innlest eftir (ár):	1	5	10
Heildarkostnaður	1.124	6.190	16.778
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	1,05%	1,05%	1,05%



Hvað gerist ef fjárfestingarleiðin Erlend verðbréf hjá Framtíðarauði getur ekki greitt út ?

Réttthafi getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef ekki er hægt að greiða út séreignarsparnaðinn í heild eðahluta. Inneign í þessari fjárfestingarleið fellur ekki undir ábyrgð Tryggingasjóðs Innstæðueigenda og Fjárfesta samkvæmt lögum nr. 98/1999 né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Hentugur fjárfestingatími er 5 ár eða lengur
Séreignarsparnaður er afurð fyrir einstaklinga frá 16 ára aldri til 70 ára,
launþegi greiðir að hámarki 4% af launum og fær alla jafnan mótframlag frá launagreiðanda 2%fer eftir kjarasamningi hvers og eins.

Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til úttektar við 60 ára aldur eða við fráfall. Hægt er að óska eftir eingreiðslu, mánaðarlegum eða árlegum greiðslum. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá viðbótarlífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum eða lengri tíma. Árleg útborgun skal lækka og úttektartími lengjast í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu.

Erlendir ríkisborgarar utan EES geta sótt um að fá viðbótarlífeyrissparnað útgreiddan m.v. stöðuinneignar á útgreiðsludegi, þegar þeir flytja frá Íslandi.

Þann 1. júlí 2017 tóku gildi lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Heimilt er að taka út séreignarsparnað skattfrjálst, annað hvort til fasteignakaupa eða til að greiða inn á húsnæðislán. Hver og einn getur nýtt úrræðið í 10 ár. Úrræðinu er ætlað að styðja við þá sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign.

.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun vegna Framtíðarauðs séreignarsparnaðar Íslandsbanka með tölvupósti á sereign@islandsbanki.is í síma 440 4000 eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Á heimasíðu Íslandsbanka má nálgast yfirlit yfir ávöxtun, eignasamsetningu stýringarleiða, fjárfestingarstefnu Framtíðarauðs ásamt reglum Framtíðarauðs.